

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 2000

20. september 2000

2031

Nr. 687

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

1. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Barðsnes hf.*, Garðavegi 5, 245 Sandgerði, kt. 440399-3479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. september 2001.

2. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Samherja hf.*, *Fiskimjöl og lýsi*, Ægisgötu 2, 240 Grindavík, kt. 610297-3079. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. september 2004.

3. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Síldarvinnsluna hf.*, fiski-mjölsverksmiðju, Neskaupstað, kt. 570269-7479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. september 2004.

Reykjavík, 20. september 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Leifur Eysteinnsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

27. september 2000

Nr. 688

AUGLÝSING

um deiliskipulag Heiðarvegar 4–4b á Selfossi, sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar þann 17. ágúst 2000 samþykkt deiliskipulag af Heiðarvegi 4–4b á Selfossi.

Á lóðinni er gert ráð fyrir íbúðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 27. september 2000.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar,

Bárður Guðmundsson.